



# Innri endurskoðunaráætlun 2025

## Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs.



Innri endurskoðun og ráðgjöf  
fagsvið innri endurskoðunar

Samþykkt í stjórn SHS  
X. desember 2024  
IER24010007



## 1. Innri endurskoðun og ráðgjöf

Samkvæmt samningi dags 4. janúar 2024 milli Innri endurskoðunar og ráðgjafar Reykjavíkurborgar (IER) og Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. (SHS) sinnir IER þjónustu á sviði innri endurskoðunar hjá SHS á árunum 2024-2025. SHS er byggðasamlag í eigu sex sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Innan IER er það fagsvið innri endurskoðunar sem annast framkvæmd verkefna og starfar það eftir Heimsstöðlum um innri endurskoðun sem gefnir eru út af Alþjóðasamtökum innri endurskoðenda.

Ábyrgðaraðili innri endurskoðunar SHS er Ingunn Ólafsdóttir, starfandi innri endurskoðandi.

IER starfar í umboði stjórnar SHS og ber að gæta hlutleysis í störfum sínum og starfa óháð þeim rekstrareiningum sem skrifstofan endurskoðar. Starfsfólk IER skal vera laust við afskipti við framkvæmd verkefna og hafa í störfum sínum aðgang að öllum gögnum SHS sem snerta þau verkefni sem sinnt er hverju sinni. Endurskoðunarnefnd stjórnar SHS hefur eftirlit með störfum IER í samræmi við samþykkt nefndarinnar og þær verklagsreglur sem nefndin hefur sett sér.

## 2. Verkefni innri endurskoðunar

Slökkviliðsstjóri og stjórn SHS bera ábyrgð á því að til staðar séu virkir og árangursríkir ferlar um stjórnarhætti, áhættustýringu og innra eftirlit. Hlutverk IER er að veita óháða og hlutlæga staðfestingu og ráðgjöf til stjórnar og stjórnenda á sviði áhættustýringar, eftirlits og stjórnarháttar og er þannig ætlað að vera virðisaukandi og bæta rekstur félagsins.

**Staðfestingarvinna:** Verkefni IER eru úttektir sem fela í sér hlutlægt mat á rekstrareiningu, verkefni, ferli eða upplýsingakerfi í notkun hjá SHS. IER metur stjórnarhætti og eftirlitsumhverfi og hvort eignir séu varðveittar með fullnægjandi hætti, áhætta sé auðkennd og stjórnað á viðeigandi hátt, stjórnskipulag, rekstur og stjórnun sé hagkvæm, skilvirk

og árangursrík og í samræmi við stefnur, verklagsreglur og gildandi lög og reglugerðir og hvort fjárhags- og rekstrarupplýsingar séu áreiðanlegar og tímanlegar til þess að stjórn SHS og stjórnendur geti sinnt eftirlitshlutverki sínu.

**Ráðgjöf:** IER veitir einnig stjórn og stjórnendum ráðgjöf sem ætlað er að vera virðisaukandi og bæta stjórnarhætti, áhættustýringu og eftirlitsferli. Ráðgjöf er almennt veitt samkvæmt beiðni og er eðli og umfang verkefna háð samkomulagi.

**Uppljóstrunargátt:** IER tekur á móti ábendingum um lögbrot eða aðra ámælisverða háttsemi í starfsemi SHS og vinnur rannsóknir á einstökum málum í samráði við stjórn og stjórnendur.

Mynd 1. Helstu verkefni innri endurskoðunar

Skilvirkni áhættustýringar	Stefnumarkmið og árangur	Misferlisrannsóknir
Fylgni við stefnur og verklagsreglur	Hagkvæmni og skilvirkni ferla og verkefna	Áreiðanlegar fjárhags- og rekstrarupplýsingar
Varðveisla eigna	Stjórnarhættir og stjórnskipulag	Fylgni við lög og reglugerðir

### 3. Áhættumiðuð endurskoðunaráætlun

Í samningi milli SHS og IER er innri endurskoðanda falið að leggja fram áhættumiðuða innri endurskoðunaráætlun þar sem skilgreint er val og forgangsröðun úttekta og er áætlunin lögð fyrir endurskoðunarnefnd til afgreiðslu og stjórn SHS til samþykktar. Áætlunin er gerð á grundvelli áhættumats í samræmi við meginmarkmið SHS og er haft samráð við stjórn og stjórnendur í ferlinu til að öðlast skilning á stefnu félagsins, helstu rekstrarmarkmiðum og tengdum áhættum. Áætlanir eru almennt gerðar til tveggja ára í senn en áhættumatið er uppfært a.m.k. árlega til að bregðast við breytingum í rekstri.

Mynd 2. Meginferli innri endurskoðunar



Áhættumatið er skilgreint í endurskoðanlegar einingar eða allar starfseiningar, ferla, stefnur og annað sem fagsvið innri endurskoðunar getur framkvæmt úttektir á. Við skilgreiningu á þessum einingum er leitast við að greina starfsemina niður í einingar sem hafa skilgreinda ábyrgðaraðila. Mat á áhættu er skilgreint sem þær ógnir og þau tækifæri sem felast í því að einhver atburður eða aðgerð hafi áhrif á að SHS nái markmiðum sínum. Áhætta er skilgreind sem fjárhagsáhætta í formi

heildarfjármagns, viðkvæmni þjónustu gagnvart íbúum/skjólstæðingum og orðsporsáhætta og áhyggjur stjórnar og lykilstjórnenda.

Starfsemi SHS er fjölbreytt og er hlutverk þess að sinna slökkvistarfi, sjúkraflutningum, almannavörnum og eldvarnaeftirliti. Um starfsemina gilda meðal annars lög nr. 75/2000 um brunavarnir, reglugerð um starfsemi slökkviliða nr. 747/2018, reglugerð um eldvarnir og eldvarnaeftirlit nr. 723/2017 og gildandi brunavarnaáætlun.

Helstu starfseiningar Slökkviliðsins eru:

- Stjórn og endurskoðunarnefnd SHS
- Forvarnasvið
- Aðgerðasvið
- Skrifstofa slökkviliðsstjóra
- Mannauður og almannatengsl
- Fjármál

Vinna við gerð innri endurskoðunaráætlunar hófst í júní 2024 með fundi með slökkviliðsstjóra og skrifstofustjóra SHS til að ræða um starfsemina og möguleg viðfangsefni úttekta. Farið var yfir ýmis gögn, meðal annars fjárhagsáætlun 2024-2028, kynningar á starfsemi kjarnasviða SHS, greinargerð um innra eftirlit og áhættustýringu 2024, fundargerðir stjórnar 2023-2024, ársreikning og endurskoðunarskýrslu 2023 og endurskoðunaráætlun ytri endurskoðenda fyrir endurskoðun 2024.

Við ákvörðun verkefna í innri endurskoðunaráætlun ræður áhættumat og tími frá því síðast var gerð úttekt hjá viðkomandi einingu. Samhæfa þarf einnig val úttekta við innri og ytri eftirlitsaðila til að tryggja sem besta nýtingu fjármuna sem fara til endurskoðunar. Áhersla ytri endurskoðunar er á rekstrartekjur og launagjöld og var endurskoðun árána 2022-2023 án ábendinga. Á árunum 2022-2023 voru unnar úttektir af ytri ráðgjöfum, meðal annars á innra eftirliti með fjárhags- og fjárfestingaráætlunum, á innkaupaferli og verkferli ábendinga.

Samkvæmt 6. gr. laga um brunavarnir nr. 75/2000 samræmir Húsnæðis- og mannvirkjastofnun (HMS) eldvarnaeftirlit og slökkvistarf um land allt. Stofnunin gerir sjálfstæðar athuganir og úttektir með fylgni slökkviliða við lög, reglugerðir og brunavarnaáætlun þeirra í því skyni að leiðbeina sveitarstjórnnum um þær kröfur sem gerðar eru til eldvarnaeftirlits og starfsemi slökkviliða.

HMS gerir árlegar úttektir hjá SHS til að kanna hvort uppfylltar séu lágmarkskröfur um húsnæði, mannafla og þjálfun, meðal annars kröfur um mönnun, viðbragðstíma og fjölda útkalla.

Úttektir og eftirfylgnikannanir IER 2017-2023:


- Stjórnkerfi upplýsingaöryggis og upplýsingakerfa – úttekt 2017
- Tekjuferli sjúkraflutninga – úttekt 2019
- Framsetning gagna til stjórnar SHS – úttekt 2021
- Tekjuferli sjúkraflutninga – eftirfylgni 2021
- Stjórnkerfi upplýsingaöryggi og upplýsingakerfa – eftirfylgni 2022
- Brunavarnaáætlun – fallið frá úttekt 2023
- Árangursmat stjórnar SHS – úttekt 2024
- Framsetning gagna til stjórnar SHS – eftirfylgni 2024

IER hefur einnig unnið rannsókn á lífeyrismálum (2019) og minnisblöð um hagræðingaraðgerðir á fjármálasviði (2018) og netöryggi (2022).

#### 4. Áhættumat innri endurskoðunar 2024

Mynd 3 sýnir niðurstöðu áhættumats innri endurskoðunar á helstu ferlum starfseininga SHS. Eftirstæð áhætta er metin með því að draga styrkleika innra eftirlits frá eðlislægri áhættu. Viðfangsefni úttekta í innri endurskoðunaráætlun eru valin út frá niðurstöðum áhættumatsins að teknu tilliti til nýlegra úttekta og fyrirhugaðrar vinnu HMS og ytri endurskoðenda á árinu 2025.

Mynd 3. Áhættumat innri endurskoðunar



## 5. Meginferli úttekta og eftirfylgnikannanna


Tímasetningar úttekta á innri endurskoðunaráætlun eru ákveðnar í samráði við stjórnir og stjórnendur félagsins. Tilkynnt er um upphaf úttekta til slökkviliðsstjóra áður en vinna við úttektina hefst. Þá fer af stað forathugun á viðfangsefninu þar sem lagt er mat á helstu áhættur í samstarfi við ábyrgðaraðila starfseiningar eða verkferils. Afmörkun úttekta miðast við að kanna einungis mikilvægustu atriðin hverju sinni í samræmi við áhættumatið. Verkáætlun er kynnt slökkviliðsstjóra og stjórnendum áður en framkvæmd úttekta hefst þar sem skilgreint er meðal annars markmið, umfang og tímaáætlun.

Þegar verkáætlun liggur fyrir er hafist handa við að afla gagna og boða fundi með stjórnendum og starfsfólki samkvæmt umfangi verkefnis. Slökkviliðsstjóri skipar bakhjarl úttekta sem gegnir mikilvægu hlutverki við að tryggja aðgengi IER að gögnum, starfsfólki og eigum sem skipta máli við framkvæmd úttekta. Reglulega er upplýst um stöðu úttekta.

Niðurstöður úttekta eru kynntar í endurskoðunarnefnd og síðan í stjórn SHS en áður er stjórnendum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum og ábendingum við skýrsludrög. Einnig er óskað eftir því að tímasett viðbrögð stjórnenda við ábendingum fylgi með. Lokaskýrsla er send til slökkviliðsstjóra og viðkomandi stjórnenda.

Alla jafna er ábendingum fylgt eftir ári eftir kynningu lokaskýrslu. Verkferli eftirfylgnikannana er að mestu leyti sambærilegt úttektaferli. Markmið eftirfylgni er að kanna hvort stjórnendur hafi brugðist við ábendingum IER með fullnægjandi hætti. Niðurstöður eru kynntar í endurskoðunarnefnd og stjórn SHS.

Mynd 4. Meginferli úttekta



6. Innri endurskoðunaráætlun 2025

Verkefnaheiti	Tegund úttektar	Starfseining	Ástæður fyrir vali verkefnis	Helstu atriði til skoðunar	Áætlaðar klst	Mögulegur ávinningur	Upphafstími
Netöryggi	Upplýsinga-öryggis-úttekt	Skrifstofa slökkviliðsstjóra	Netöryggi er talin vera ein helsta rekstraráhætta fyrirtækja í dag og hefur tíðni netárása og gagnagíslatöku aukist á síðustu árum á Íslandi.	Helstu atriði sem koma til skoðunar eru fræðsla til starfsfólks um netógn, hönnun og skipulag netkerfis, greiningar á veikleikum í kerfum, viðbragðsáætlun, öryggisafritun og ábyrgð þjónustuaðila og birgja. Stuðst verður við ISO 27001 staðalinn.	100	Stjórn og stjórnendur fá mat á stöðu netöryggismála og úrbótatillögur til að tryggja megi ásættanlegt öryggi; leynd, réttleika og tiltækileika gagna og kerfa félagsins.	Q2 2025
Vöktun / ráðgjöf	Ráðgjafar-verkefni	Skrifstofa slökkviliðsstjóra	Ráðgjöf stjórnenda	Vöktun á áhættum sem kalla á endurskoðun viðfangsefna í innri endurskoðunaráætlun. Ábendingar sem berast IER sem varða rekstur SHS. Ráðgjöf til stjórnenda.	10	Stjórnendur verði upplýstir um allar ábendingar um mögulegt misferli og það sem betur má fara í rekstri félagsins. Stjórnendur geta leitað til IER eftir ráðgjöf.	2025



Innri endurskoðun og ráðgjöf  
Guðrúnartúni 1 | 105 Reykjavík

Innriendurskodun.is  
innriendurskodun@reykjavik.is